



Ungmennafélagið Afturelding

Ársskýrsla

Lögð fram á Aðalfundi haldinn í Reykhólaskóla 25. Mars 2024

Um félagið:

Ungmennafélagið Afturelding, kt. 570589-1139. Stjórn félagsins er skipuð af:

Styrmi Sæmundssyni, formanni stjórnar.

Söndru Rún Björnsdóttur, gjaldkera.

Kötlu Tryggvadóttur, ritara.

Iðkendum:

Í félaginu voru 82 meðlimir á árinu 2023. Virkir iðkendum voru:

Fótbolti: 15

Bogfimi: 9

Hestar: 8

Körfubolti (vor 2023): 6

Starf félagsins:

Ungmennafélagið Afturelding var með reglulegar æfingar allt árið. En skipulag var eftirfarandi:

Fótboltaæfingar voru tvisvar í viku einnig fékk félagið Þórólf Sveinsson í heimsókn í október 2023 og tók félagið á móti Siguróla Kristjánssyni (KSÍ) með opnum viðburði í júní 2023.

Bogfimisamband Íslands kom í mars til þess að aðstoða ungmennafélagið við að hefja bogfimiæfingar. Þörungaverksmiðjan hafði gefið ungmennafélaginu allan búnað til að geta hafið æfingar. Bogfimisambandið hefur séð um utanumhald og leiðbeiningar fyrir þjálfara í bogfimi á meðan þekking og reynsla er að skapast í félaginu. Fulltrúar frá bogfimisambandinu komu í heimsókn í mars, apríl og október.

Hestar voru í boði á sumarnámskeiði í júní þar sem 35 börn tóku þátt. Ekki náðist að hafa haust æfingar í þetta skiptið en stefnan er að hafa vor æfingar 2024 í staðin.

Körfuboltaæfingar voru 2 sinnum í viku vorið 2023. Ekki var þátttaka til að hafa æfingar haustið 2023.

Ungmennafélagið tók þátt í Íþróttavíku Evrópu, sá um lokahóf UDN ásamt stjórn UDN og hélt bogfimikynningu í íþróttavíkunni.

Sumarnámskeið: 35 börn tóku þátt í sumarnámskeiðum Reykhólahrepps og ungmennfélagsins Aftureldingar. Dagskrá innihélt meðal annars bogfimi, hesta, útilíf, vettvangsferðir, fimleika og margt fleira.

Mót:

Ungmennafélagið Afturelding tók þátt í kvöldmótum UDN 22. júní, 13. Júlí og 1. Ágúst.

Unglingalandsmót UMFÍ. Alls voru 12 krakkar frá ungmennafélaginu sem tóku þátt í 9 greinum á mótinu: Bogfimi, hestum, körfubolta, fótbolta, frísbíggí, pílu, frjálsum, kökuskreytingum og biathalon. Árangur keppenda var prýðilegur og átti félagið landsmótssigurvegara í bogfimi.

Fjarmótaröð Bogfimisambands Íslands: Þátttakendur skiluðu inn bogfimi skori 6 sinnum á árinu og voru oftast en ekki að raða sér í stiga hæðstu sætin í keppninni.

Félagið hélt tvö bogfimimót, annars vegar á Reykhóladögum, þar sem 40 þátttakendur spreyttu sig í bogfimi. Einnig hélt ungmennafélagið jóla bogfimimót þar sem 20 heimamenn tóku þátt.

Framkvæmdir:

Ungmennafélagið Afturelding hefur verið að reyna að laga pönnuvöllinn en það þarf að gera betur í þeim efnun.